

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 5

við Stjórnartíðindi EB

1. árgangur

30.4.1994

I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllin

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/5/01	Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 26. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68 er varðar samninga um vöruflutninga á járnbrautum í gegnum Ermasundsgöngin - (Mál nr. IV/34 518 ACI)01
94/EES/5/02	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu - (Mál nr. IV/M. 426 - Rhône-Poulenc/Cooper)01
94/EES/5/03	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 11.4 til 15.4 199402
94/EES/5/04	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin birtir í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins04

94/EES/5/05	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram - (Mál nr. IV/M.433 - ERC/NRG/Victory)	04
94/EES/5/06	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð C 33/A/93, Frakkland	05

3. Dómstóllin

LEIÐRÉTTINGAR

94/EES/5/07	Breyting á skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 4.4 til 8.4 1994	05
-------------	---	----

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 26. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68⁽¹⁾ er varðar samninga um vöruflutninga á járnbrautum í gegnum Ermasundsgöngin

94/EES/5/01

(Mál nr. IV/34 518 ACI)

Í máli IV/34518 ACI hefur auglýsing, með útdrætti úr tveimur samningum sem framkvæmdastjórnin ætlar að veita undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EES-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, verið birt í Stjtið. EB frá 26.4.1994 nr. C 115 samkvæmt 3. mgr. 26. gr. reglugerðar ráðsins nr. 1017/68. Samningarnir fjalla um að koma á ACI, sameiginlegu verkefni milli British Railways Board, SNCF og Intercontainer.

Starfsemi ACI felst í markaðssetningu á formlegri járnbrautþjónustu í gegnum Ermasundsgöngin milli Breska konungsríkisins og meginlandsins.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri, innan 30 daga frá því að auglýsingin birtist í Stjtið. EB og tilgreina tilvísun IV/34518 ACI, við:

Commission of the European Communities,
DG IV/D/3,
Rue de la Loi 200,
B-1049 Brussels.

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu

94/EES/5/02

(Mál nr. IV/M. 426 - Rhône-Poulenc/Cooper)

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. 03. 1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽²⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 175, 23.7. 1968, bls.1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30.12.1989., bls. 13. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 11.4 til 15.4 1994

94/EES/5/03

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Köli	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt- af fram- kvæmda- stjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Bladsíðu- fjöldi
COM(94) 119	CB-CO-94-126-EN-C ⁽¹⁾	Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um tómsundaíðju- til breytingar á tillögu framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 189. gr. a í EB-sáttmálanum	11.4.1994	12.4.1994	10
COM(94) 24	CB-CO-94-029-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 79/112/EEB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda	12.4.1994	13.4.1994	9
COM(94) 103	CB-CO-94-114-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna - Samsteyptur texti	12.4.1994	13.4.1994	132
COM(94) 125	CB-CO-94-151-EN-C	Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og Evrópuþingsins; áfangaskýrsla um enduruppbyggingu stáliðnaðarins	13.4.1994	13.4.1994	12
COM(94) 132	CB-CO-94-140-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um skilyrði fyrir leyfisveitingum og nýtingu leyfa til leitar, rannsóknar og útdráttar vetniskolefna-til breytingar á tillögu framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 189. gr. a í EB-sáttmálanum	13.4.1994	13.4.1994	7
COM(94) 96	CB-CO-94-106-EN-C	Val á áætlun um að styrkja evrópskan dagsskráriðnað í tengslum við stefnu Evrópusambandsins varðandi hljóð- og myndmiðlun - grænbók	6.4.1994	14.4.1994	76

(¹) "EN" vísar til enska COM-skjalsins

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt- af fram- kvæmda- stjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Bladsíðu- fjöldi
COM(94) 108	CB-CO-94-127-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á viðmiðunargæðum innan bandalagsins varðandi nýja eða kælda kindaskrokka Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 338/91 um ákvörðun á viðmiðunargæðum innan bandalagsins varðandi nýja eða kælda kindaskrokka og reglugerð (EBE) nr. 2137/92 varðandi kvarða bandalagsins fyrir flokkun sauðfjárskrokka og um ákvörðun á viðmiðunargæðum innan bandalagsins fyrir nýja og kælda kindaskrokka og um útvíkkun á reglugerð (EBE) nr. 338/91	13.4.1994	14.4.1994	22
COM(94) 59	CB-CO-94-066-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) varðandi áætlun bandalagsins um fjárhagsaðstoð til að efla tækni á sviði orkumála í Evrópu 1995-1998 („Thermie-II“)	13.4.1994	15.4.1994	46
COM(94) 107	CB-CO-94-131-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um rekstrarsamhæfni evrópskra ofurhraðlestaneta	15.4.1994	15.4.1994	65
COM(94) 129	CB-CO-94-139-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um að koma á og annast stjórnun á innflutningskvótum bandalagsins fyrir fryst lýsingaflök og vinnslu á tilteknum textílvörum samkvæmt tilhögun bandalagsins um aðvinnslu utan svæðis þess	15.4.1994	15.4.1994	7
COM(94) 143	CB-CO-94-153-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um lokaniðurstöður marghliða viðskiptaviðræðna í Úrúgvæ-lotunni (1986-94)	15.4.1994	15.4.1994	222

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin
birtir í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins**

94/EES/5/04

Kóði	Titill	Birt í Stjttíð. EB þann
COM(94) 36 lokagerð	Tillaga að tilskipun ráðsins um gæði baðvatns	Stjttíð. EB nr. C 112 22.4.1994
COM(94) 70 lokagerð	Tillögur að ákvörðunum ráðsins um sérstakar áætlanir um koma í framkvæmd rammaáætlun Evrópubandalagsins á sviði rannsókna og þjálfunar innan bandalagsins fyrir Kjarnorkubandalag Evrópu (1994 til 1998)	Stjttíð. EB nr. C 113 23.4.1994

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram

94/EES/5/05

(Mál nr. IV/M.433 - ERC/NRG/Victory)

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 4064/89

1. Framkvæmdastjórninni barst 20.4.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Employers Reassurance Limited (ERAL) og Nordisk Reinsurance Company A/S (Nordisk), sem bæði lúta yfirráðum General Electric Company (GE), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir hluta NRG Victory Reinsurance Limited (NRGV). ERAL öðlast yfirráð yfir endurtryggingaviðskiptum NRGV sem taka til líf-, sjúkra- og örorkutrygginga. Nordisk öðlast yfirráð yfir endurtryggingaviðskiptum útibús NRGV í Singapúr.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:

- að því er varðar GE: félag með fjölþætta starfsemi til dæmis á sviði trygginga og endurtrygginga, starfsemi sem varðar tæki, iðnaðar- og orkukerfi, hreyfla í loftför, lýsingu, lækningakerfi, plastefni;

- að því er varðar ERAL: endurtryggingaviðskipti;

- að því er varðar Nordisk: endurtryggingaviðskipti;

- að því er varðar NRGV: endurtryggingaviðskipti.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu. Athugasemdirnar skulu sendar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. 32/2/296/ 43 01) eða í pósti, með tilvísunarnúmeri IV/M.433 (ERG/NRG Victory), og er heimilsfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395 frá 30.12. 1989; Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257 frá 21.9. 1990, bls. 13.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð C 33/A/93, 94/EES/5/06 Frakkland.

Framkvæmdastjórnin hefur sett lögbannt að því er varðar 2.5 milljarða FF aðstoð sem Frakkland hafði í hyggju að veita Groupe Bull (sjá nánari útlístun í Stjttð. EB nr. L 107, 28.4.1994).

LEIÐRÉTTINGAR

Leiðrétting á skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 4.4 til 8.4 1994

94/EES/5/07

(EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 4 frá 23. apríl 1994)

Á blaðsíðu 4 bætist eftirfarandi við skrá yfir skjöl:

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt- af fram- kvæmda- stjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu- tölur
COM(94) 111	CB-CO-94-115-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um sameiginlegar reglur varðandi siglingamálastjórnir og stofnanir sem annast skipaskoðun og -eftirlit	6.4.1994	6.4.1994	38